

Fundargerð af fundi foreldraráðs Leikskólans Klettaborgar í Reykjavík

Miðvikudaginn 30. janúar 2019, kl. 15:00 var haldinn foreldraráðsfundur í Leikskólanum Klettaborg í Reykjavík á skrifstofu leikskólastjórans, Lilju Eyþórsdóttur.

Auk Lilju voru mættir allir fulltrúar foreldraráðs: Elísa Ólafsdóttir, Fríða Guðný Birgisdóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir

Boðað var til þessa fundar í byrjun janúar 2019 í þeim tilgangi að fara yfir almenn foreldraráðsmál, s.s. skipulagsdagar, starfsmannamál, starfsáætlun vetrarins, mat á vetrarstarfinu og sumarlokun.

Leikskólastjóri bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn sem var fyrsti fundur sitjandi foreldraráðs sem kjörið var á foreldrafundi í september 2018. Lilja kynnti reglur foreldraráðs og afhenti afrit af þeim ásamt því að ráðleggja að hliðsjón yrði höfð af handbók foreldraráðs, Heimili og skóli.

Gengið var til annarrar dagskrár.

1. Skipulagsdagar

Leikskólastjóri fór yfir að fyrirhugað væri að skipulagsdagar yrðu samtals 6 á starfsárinu 2019-2020, þar af 3 dagar sameiginlegir grunnskóla hverfisins. Þá kvað leikskólastjóri starfsmenn vera að skoða námsferð á árinu 2020 og að starfsdagar yrðu ákveðnir í samræmi við það.

2. Starfsmannamál

Leikskólastjóri gerði grein fyrir að staða starfsmannamála hafi verið góð að undanförmu en lét þess þó getið að tveir starfsmenn eru í langtímaveikindaleyfi. Einn starfsmaður hættir í febrúar og búið er að ráða nýjan starfsmann í hans stað. Kvaðst leikskólastjóri jafnframt ætla að auglýsa afleysingastöðu á næstunni.

Leikskólastjóri minntist sérstaklega á að ekki hafi komið til þess í vetur að börn væru send heim vegna manneklu. Hins vegar væri aðgerðaáætlun til staðar ef til þess kæmi.

3. Starfsáætlun vetrarins

Leikskólastjóri greindi frá því að umsögn Skóla- og frístundasviðs lægi fyrir um starfsáætlun þar sem fram kæmi að draga þurfi betur fram styrkleika starfsins og setja fram skarpari skilgreiningu á símenntunaráætlun starfsmanna.

4. Mat á vetrarstarfinu

Leikskólastjóri kvað umbætur vegna ytramats sem framkvæmt var af Menntamálstofnun í febrúar '18 vera í vinnslu.

5. Sumarlokun

Fyrir fundin hafði sumarlokun þegar verið samþykkt, 10. júlí til 7. ágúst að báðum dögum meðtöldum. Þá greindi leikskólastjóri frá því að einn leikskóli í hverfinu (Lyngheimar) verði opinn á þessum tíma í sumar. Ekki hafi komið í ljós hvernig starfsmannatilhögun verði vegna þeirra barna sem kunna að nýta það úrræði og framkvæmd að öðru leyti.

Fundarmönnum var kynnt efni þessarar fundargerðar, sem engar athugasemdir voru gerðar við. Fundi var slitið kl. 15:45.

Reykjavík, 30. janúar 2019

Í foreldraráði:

Leikskólastjóri:

Elísa Ólafsdóttir

Lilja Eyþórsdóttir

Fríða Guðný Birgisdóttir

Sigríður Sigurjónsdóttir